



Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur

Borgartún 12-14
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. september 2019

Svör við tillögu fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um flokkun sorps á öllum starfsstöðum Reykjavíkurborgar

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 26.mars 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga Báru Katrínar Jóhannsdóttur frá ungmennaráði Árbæjar og Holta: „*Lagt er til að borgarstjórn samþykki að setja flokkunartunnur á alla vinnustaði Reykjavíkurborgar fyrir árslok 2019 og taka upp skyldu að flokka sorp. Jafnframt er lagt til að fela umhverfis- og skipulagssviði að standa fyrir aukinni fræðslu um umhverfismál fyrir árslok 2020.*“

Umhverfis- og skipulagssvið heldur utan um græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar sem allir vinnustaðir Reykjavíkur geta tekið þátt í. Innan þess kerfis eru skref sem lúta að flokkun úrgangs, og sér hver vinnustaður um nánari útfærslu flokkunar sem hentar starfseminni. Starfsmaður hefur verið ráðinn tímabundið til skrifstofu umhverfisgæða til að sinna verkefninu og vinna að framgangi þess. Sorpa bs. hefur sinnt kynningu og fræðslu á umhverfissjónarmiðum sem snúa að meðhöndlun úrgangs, og hefur útbúið náms- og fræðsluefni. Til skoðunar er að auka við upplýsingar til íbúa varðandi úrgangsstjórnun í borginni, magntölur, kostnað sem til fellur og umhverfisáhrif í gegnum mælaborð borgarbúa.

Virðingarfyllt

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

skrifstofa umhverfisgæða